

Ár 1999, laugardaginn 8. maí var Kjaradómur settur að Kalkofnsvegi 1 í Reykjavík og haldinn af Garðari Garðarssyni, Jóni Sveinssyni, Margréti Guðmundsdóttur, Óttari Yngvasyni og Þorsteini Júlíussyni.

Fyrir var tekið:

Að ákvarða laun þeirra aðila sem undir Kjaradóm falla skv. lögum nr. 120/1992

I.

Meginverkefni Kjaradóms er að ákvarða laun æðstu fulltrúa hins þrískipta ríkisvalds og auk þess nokkurra æðstu embættismanna þjóðarinnar. Þessum aðilum má skipta í tvo hópa. Annars vegar eru forseti Íslands, þingmenn og ráðherrar og hins vegar eru dómarar landsins og aðrir nánar tilteknir embættismenn. Fyrirgreindi hópurinn er sérstakur fyrir það, að hann er kjörinn til starfa sinna. Þeir sem í þessum hópi eru þiggja föst laun úr ríkissjóði fyrir starfa sinn en teljast þó ekki til ríkisstarfsmanna. Síðari hópurinn er skipaður til starfa og telst til embættismanna. Nýtur sá hópur almennra réttinda og ber almennar skyldur sem starfsmenn ríkisins, þó að um ýmsa aðila í þeim hópi gildi ítarlegri reglur eða lagafyrirmæli.

Þingmenn og ráðherrar vinna mörg mikilvægustu störf in í þjóðfélaginu. Þessi hópur mótast stefnuna í þjóðmálum og sér um að koma stefnumálunum í framkvæmd. Þetta eru æðstu umboðsmenn tveggja greina hins þrískipta valds. Miklu varðar að til þingmennsku og ráðherrastarfa veljist hið hæfasta fólk. Vandlega verður að gæta þess að launakjör verði ekki að fyrirfram hindrun sem fæli þá bestu og hæfustu frá því að gefa sig að þessum mikilvægu störfum. Einnig er afar mikilvægt, að þeir sem sinna þessum störfum séu ekki, vegna starfanna, í þeirri hættu að verða öðrum háðir vegna fjárhagsstöðu sinnar

Dómarar og þeir embættismenn aðrir sem Kjaradómur úrskurðar laun eiga það sameiginlegt að til þeirra eru að lögum gerðar miklar kröfur um hæfni og menntun. Tíðkast það víðast í vestrænum löndum að sambærilegir hópar séu nokkuð vel launaðir með tilliti til annarra hópa ríkisstarfsmanna og má finna rök til slíkrar niðurstöðu í ákvæðum laga um Kjaradóm, sbr. t.d. 10. gr. laganna.

Við ákvarðanir sínar leggur Kjaradómur sérstakt mat á einstök störf og starfshópa og reynir að finna samsvörun þessara starfa í vinnuframlagi og ábyrgð við aðra aðila á vinnumarkaði. Við mat á störfum dómara og embættismanna er tekið mið af fyrirliggjandi upplýsingum um launakjör hópa og einstaklinga, sem líklegt þykir að hafi sambærilega ábyrgð, menntun og vinnuálag. Við ákvörðun kjara verður einnig að líta til annarra þátta en beinna launagreiðslna, svo sem lífeyrisréttinda, starfsöryggis, starfsumhverfis o. fl., en sem áður sagði gilda um þau atriði fyrir þessa aðila að mestu hin almennu kjör ríkisstarfsmanna. Á það er einnig litið að dómarar eru æðstu fulltrúar eins af þremur þáttum ríkisvaldsins. Jafnframt eru í þessum hópi þeir sem ríkisvaldið hefur talið til æðstu embættismanna.

II.

Það hefur tíðkast frá þjóðveldisöld að gjalda mönnum kaup fyrir þingsetu og nefnast launin þingfararkaup. Reglur um þingfararkaup, þ.m.t. hver þau greiddi, hafa tekið breytingum í aldanna rás í samræmi við tíðarandann. Þannig var t.d ákveðið í lögum nr. 84/1953 að þingmönnum skyldi greiða tiltekin föst daglaun meðan þingið stæði yfir. Árið 1964 var þessu breytt og urðu launin þá árslaun. Því var síðar breytt aftur árið 1965 í mánaðarlaun sem voru bundin ákveðnum launaflokki í kjarasamningum um laun starfsmanna ríkisins. Með lögum nr.75/1980 var ákvörðun um laun þingmanna færð til Kjaradóms.

Við athugun kemur í ljós að á árunum 1986 til 1995 fylgdu alþingismenn öðrum í launum með þeim hætti, að launakjör allra aðila sem Kjaradómur úrskurðar laun, tóku hlutfallslega sömu hækkun. Árið 1995 úrskurðaði Kjaradómur að yfirvinna, sem embættismenn höfðu til þessa fengið greidda skv. reikningum yrði föst yfirvinna skv. ákvörðun dómsins á hverjum tíma. Í raun var ekki um að ræða mikla breytingu á kjörum þess hóps sem yfirvinnuákvörðunin náði til, en launakjör þeirra urðu nú sýnilegri og mældust í ákvörðunum Kjaradóms. Þessi tilhögun er enn við lýði þó gerðar hafi verið smávægilegar breytingar á kjörum einstakra aðila, vegna endurmats sem Kjaradómur hefur lagt á störf þeirra. Er þetta og í eðlilegu samræmi við fyrirkomulag á launagreiðslum til annarra ædstu embættismanna ríkisins, sem taka laun skv. kjarasamningum eða skv. ákvörðunum kjaranefndar að því þó frátöldu, að kjaranefnd úrskurðar um fastar einingar sem greiða skal til viðbótar dagvinnulaunum fyrir alla yfirvinnu og álag sem starfinu fylgir.

Forseta Íslands og ráðherrum hefur ekki verið úrskurðuð föst yfirvinna, þó svo öllum megi vera ljóst að vinnudagur þessara aðila er mjög langur. Sama gildir um alþingismenn, a.m.k. meðan þing er að störfum. Mjög erfitt er að mæla eða meta það nákvæmlega hve mikil þessi vinna er umfram það sem telja má venjulega dagvinnu.

Kjaradómur telur eðlilegt að laun ofangreindra aðila verði áfram ákveðin án þess að þeim sé greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu en telur, með tilliti til þess, rétt að þingfararkaup og ráðherralaun hækki nokkuð umfram þær launabreytingar til embættismanna sem hér á eftir greinir.

Við mat á störfum þingmanna verður einnig að líta til þeirra breytinga sem orðið hafa á störfum þeirra. Alþingi situr nú formlega séð allt árið og þingmenn gegna störfum sínum þó þingfundir standi ekki yfir, einnig að sumarlagi. Fram á síðustu ár gegndu þingmenn gjarnan öðrum umfangsmiklum störfum, s.s. sýslu-mennsku, prófessorsembættum, prestsstörfum, bústörfum o. s. frv. Þetta hefur breyst á síðustu árum og aðeins í undantekningartilvikum gegna þingmenn nú öðru aðalstarfi. Fyrir marga alþingismenn er það veruleg röskun á venjubundnum högum að hverfa til þingstarfa og margir þeirra eiga ekki gott með að hverfa til sinna fyrri starfa að lokinni þingmennsku. Þá er rétt að benda á að seta þingmanna í ýmsum launuðum nefndum og ráðum utan þingsins hefur farið mjög dvínandi á undanförunum árum.

Við mat sitt hefur Kjaradómur kynnt sér hvernig launakjörum þingmanna er hagað á Norðurlöndum. Þá hefur Kjaradómur sérstaklega athugað eftirlaunarétt

þingmanna og ráðherra og fengið tryggingarfræðilega úttekt á því hver lífeyris-
hlunnindi þessa hóps eru umfram lífeyrisréttindi almennra starfsmanna ríkisins.
Sú athugun leiðir í ljós, að þau eru engin fyrir þann sem situr á þingi eitt
kjörtímabil, en fara síðan hækkandi og aftur lækkandi, uns þau verða lakari en
réttindi almennra starfsmanna ríkisins, ef þingsetan er löng. Að jafnaði eru þessi
hlunnindi um 10% hjá þingmönnum skv. útreikningi tryggingafræðings.

III.

Af 2. mgr. 9. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 leiðir að allur kostnaður við
embætti forseta Íslands, þ.m.t. laun forsetans, er greiddur af ríkisfé. Í lögum
nr. 10/1990 um laun og eftirlaun forseta Íslands segir í 2. gr. að forsetinn skuli
undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum. Forsetinn greiðir því hvorki
tekjuskatt né útsvar af launum sínum né er hann skyldugur til að greiða
virðisaukaskatt af aðföngum sínum. Auk þess nýtur hann ýmissa hlunninda
annarra, m.a. af Bessastaðajörðinni. Skattleysið gildir ekki um eftirlaun hans.

Forseti Íslands hefur ætíð verið með hæst laun þeirra sem Kjaradómur ákvarðar
laun. Eðlilegt þykir að halda þeirri venju. Sé tekið tillit til skattleysis forsetans
eru laun hans þó í raun mun hærri en fram kemur í ákvörðun Kjaradóms.

IV.

Í 5. grein laga nr. 120/1992 um Kjaradóm og kjaranefnd segir að Kjaradómur
skuli taka tillit til þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Þróunina má m.a. skoða
með rannsóknnum á kjarasamningum, athugun á þróun launavísitölu Hagstofu
Íslands og fleiri tiltækum gögnum.

Kjarasamningarnir sem gerðir voru á fyrri hluta árs 1997 kváðu á um 5,5-6%
meðalhækkun við undirskrift, 4% hækkun 1. janúar 1998 og 3,5-3,65% hækkun
1. janúar 1999. Kjaradómur hækkaði laun þann 18. júlí 1997 og tók þá tillit til
hækkunar launavísitölu á tímabilinu frá september 1995 til febrúar 1997, en þá
stóð vísitalan í 148,9 stigum. Þann 1. mars s.l. var launavísitala Hagstofunnar
181,2 stig og nemur hækkun hennar 21,7% frá 1. febrúar 1997.

Ársfjórðungslega birtir Hagstofan sundurliðaða vísitölu sem sýnir annars vegar
þróun launa á almennum vinnumarkaði og hins vegar hjá hinu opinbera og
bankamönnum. Tölur Hagstofunnar sýna að verulegur munur hefur verið á
þróun launa þessara hópa. Á tímabilinu frá 1. ársfjórðungi 1997 til 1.
ársfjórðungs 1999 hækkuðu laun opinberra starfsmanna og bankamanna um
26,4% og um 17,9% á almennum markaði.

Hækkun opinberra starfsmanna umfram aðra hópa má rekja til mikilla launa-
hækkana til einstakra hópa s.s. kennara, lækna, hjúkrunarfræðinga o.fl. en
einnig til breytinga á launakerfi ríkisins. Í flestum kjarasamningum ríkisins var
kveðið á um nýtt launakerfi og um sérstaka samninga til að laga laun að hinu
nýja launakerfi, svokallaða aðlögunarsamninga. Ein afleiðing þessa var að
dagvinnulaun hækkuðu verulega en á móti voru ýmsar yfirvinnugreiðslur færðar
inn í dagvinnugrunninn. Fram hjá því verður ekki horft að aðlögunar-
samningarnir leiddu til launahækkana og í mörgum tilvikum var um að ræða
verulegar hækkanir, eða um 5½–6½% ofan á þær hækkanir sem um hafði samist
í aðalkjarasamningum. Til viðbótar hækkuðu laun opinberra starfsmanna að

meðaltali um 2% vegna þess að upp voru teknar nýjar launatöflur. Þá hækkuðu laun þeirra sem fóru inn í hið nýja launakerfi um 5½% þann 1. janúar 1998 í stað 4% sem aðrir fengu. Kom þessi umframhækkun til vegna hægari starfsaldurhækkana í nýja launakerfinu. Samtals er hér um að ræða 9-10% viðbótar hækkun vegna aðlögunarsamninga og annarra breytinga sem af nýju launakerfi ríkisstarfsmanna leiddu. Þessar hækkanir hafa orðið til þess að launahlutföll innan margra stofnana hafa riðlast.

Eðlilegt er að miða launaþróun þeirra embættismanna sem undir Kjaradóm heyra við opinbera starfsmenn fremur en vinnumarkaðinn í heild. Útilokað er þó að yfirfæra aðlögunarsamningana óbreytta yfir á þá, þar sem nokkrir þættir er leiddu til launahækkana í því kerfi, svo sem starfsaldurshækkanir, eru ekki til staðar við launamyndun hjá Kjaradómi.

Frá úrskurði sínum 18. júlí 1997 hefur Kjaradómur í tvígang hækkað laun til þeirra sem undir hann heyra, þ.e. 1. janúar 1998 um 4% og 1. janúar 1999 um 3,65% eða alls um 7,8%. Þá hækkuðu grunnlaun héraðsdómara um 5% í nóvember sl. vegna tilfærslna er urðu á störfum þeirra og kjörum með lögum nr. 15 frá 25. mars 1998 um dómstóla. Kjaradómur felldi þá niður greiðslur fyrir meðdómendastörf. Með þeirri ákvörðun var ekki verið að breyta kjörum héraðsdómara í raun, heldur færðust tekjur þeirra til; frá einstaklingsbundnum tilfallandi aukatekjum vegna meðdómsstarfa yfir í föst laun. Meðallaun héraðsdómara hækkuðu ekki við þessa ákvörðun. Þá hefur Kjaradómur gert breytingar á launakjörum ríkisendurskoðanda og umboðsmanns barna á tímabilinu, að undangengnu mati á störfum þeirra. Vegið meðaltal hækkanna til þeirra sem undir Kjaradóm heyra er 8% og er þá horft framhjá fyrrgreindri 5% hækkun á launum héraðsdómara sem varð gagngert vegna gildistöku laga nr. 15/1998.

Miðað við framangreint telur Kjaradómur nauðsynlegt að hækka laun embættismannanna um því sem næst 13,5% til þeir njóti, að öllu virtu, viðlíkra launahækkanna og opinberir starfsmenn hafa fengið á umræddu tímabili.

V.

Ákvörðun um föst laun.

Með skírskotan til ofanritaðs og laga um Kjaradóm ákvarðast mánaðarlaun þeirra aðila sem undir Kjaradóm falla þannig:

Forseti Íslands kr. 598.000

Forsætisráðherra krónur 584.000, aðrir ráðherrar krónur 531.000, hvort tveggja að meðtöldu þingfararkaupi

Forseti Hæstaréttar krónur 423.000 en aðrir hæstaréttardómarar krónur 384.500

Ríkissaksóknari krónur 384.500

Ríkissáttasemjari krónur 367.700

Ríkisendurskoðandi krónur 367.700

Biskup Íslands krónur 321.000

Dómstjórinn í Héraðsdómi Reykjavíkur krónur 352.600 en aðrir dómstjórar krónur 318.700


Héraðsdómarar krónur 307.500

Umboðsmaður barna krónur 306.000


Þingfararkaup alþingismanna krónur 295.000

Launabreytingin miðast við 1. maí 1999 hjá öðrum en ráðherrum og þingmönnum. Með vísan til 2. málslíðar 1. gr. laga nr. 88/1995 um þingfararkaup þykir rétt að mánaðarlaun ráðherra og þingmanna breytist frá og með 9. maí 1999

Eldri ákvarðanir Kjardóms um greiðslur fyrir fasta yfirvinnu og um önnur réttindi sem Kjardómur hefur ákvarðað skulu óbreyttar standa.



Garðar Garðarsson
formaður




Jón Sveinsson



Margrét Guðmundsdóttir



Óttar Þingvason



Þorsteinn Júlíusson